

*Aðalfundur
Ungmennafélags
Njarðvíkur 2014*



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

BOLTI GEGN BÓLI - HREÝSTI TIL HAGSÆLDAR

*Haldinn þriðjudaginn 12. maí 2015
kl. 19:30*



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Efnisyfirlit

1.0 Aðalfundur 2014

1.1 Dagskrá aðalfundar

2.0 Skýrsla stjórnar

2.1 Aðalstjórn 2014 – 2015

2.2 Nefndir á vegum félagsins

2.2.1 Þorablótsnefnd

2.2.2 Ritnefnd

2.3 Starfssemi aðalstjórnar

2.3.1 Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum

2.3.2 Landsmót 50+

2.3.3 Landsmót UMFÍ

2.3.4 Sport og ævintýraskóli

2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

2.3.6 Styrktarreglur UMFN

2.3.7. Ritnefnd UMFN

2.3.8 Þorablót

2.3.9 Fundir aðalstjórnar

3.0 Starfssemi deilda

3.1 Knattspyrnudeild

3.2 Körfuknattleiksdeild

3.3 Massi – líksamræktar og lyftingadeild

3.4. Sunddeild

3.5 Judódeild

3.6 Þríþrautardeild

4.0 Þakkarorð



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Efnisyfirlit framhald...

5.0 Íþróttamaður og íþróttamenn Ungmennafélags Njarðvíkur 2014

- 5.1 Íþróttakarlar og íþróttakona UMFN 2014
- 5.2 Knattspyrnumaður UMFN 2014
- 5.3 Körfuknattleiksmaður og körfuknattleikskona UMFN 2014
- 5.4 Kraftlyftingarmaður og kraftlyftingarkona UMFN 2014
- 5.5 Sundmaður og sundkona UMFN 2014
- 5.6 Judómaður og judókona UMFN 2014
- 5.7 Þríþrautarmaður og þríþrautarkona UMFN 2014

6.0 Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2014

- 6.1 Körfuknattleiksdeild
- 6.2 Massi – lyftingar og líkamsræktardeild
- 6.3 Sunddeild
- 6.4 Knattspyrnudeild
- 6.5 Judódeild
- 6.6 Þríþrautardeild

7.0 Heiðursviðurkenningar

- 7.1 Ólafsbikar
- 7.2 Gullmerki með lárviðarsveig
- 7.2 Gullmerki
- 7.3 Silfurmerki
- 7.4 Bronsmerki
- 7.5 Aðrar viðurkenningar

8.0 Reikningar félagsins 2014

- 8.1 Áritun bókhaldsstofu
- 8.2 Skýrsla og áritun stjórnar
- 8.3 Áritun skoðunarmanna reikninga
- 8.4 Rekstrarreikningur
- 8.5 Efnahagsreikningur
- 8.6 Sjóðsstreymisreikningar



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

8.7 Sundurliðanir

9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi

1.0. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins haldinn 12. maí 2015 í Íþróttahúsinu í Njarðvík kl. 19:30

1.1. Dagskrá fundar

1. Fundur settur.
2.
 - Kosning fundarstjóra
 - Kosning fundarritara
 - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
 - Ávarp formanns
 - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2014
2. Heiðursviðurkenningar.
3. Ávarp gesta.
4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda
 - Kosinn formaður.
 - Kosnir 2 stjórnarmenn til tveggja ára.
 - Kosnir 2 stjórnarmenn til eins árs
 - Kosnir 2 varamenn.
 - Kosnir 2 skoðunarmenn og einn til vara.
5. Önnur mál.
6. Fundarslit.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

2.0. Skýrsla stjórnar Ungmennafélags Njarðvíkur fyrir starfsárið 2014

2.1 Ungmennafélag Njarðvíkur – aðalstjórn 2014-2015

Ólafur Eyjólfsson, formaður
Hermann Jakobsson, varaformaður
Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, gjaldkeri
Anna Andrésdóttir, ritari
Thor Hallgrímsson, meðstjórnandi
Ágústa Guðmarsdóttir, varamaður
Sigríður Ragnarsdóttir, varamaður

Skoðendur reikninga voru

Kristín Örlygsdóttir
Valþór Söring
Ingigerður Sæmundsdóttir tilvara

2.2. Nefndir á vegum félagsins

2.2.1 Þorablótsnefnd

Hlutverk nefndarinnar er undirbúningur og framkvæmd þorablóts félagsins. Í nefndinni áttu sæti; Einara Kristjánsdóttir (kkd), Gulla Olsen (kraftl), Anna María (sund), Björgvin Jónsson (judó), Steindór Gunnarsson (3N), Thor Hallgrímsson (knd) og Sigríður Ragnarsdóttir (aðalstjórn).

2.2.2 Ritnefnd 70 ára afmælisrit

Nefndin fundaði reglulega á árinu, lauk verkefni sínu með útgáfu á glæsilegu afmælisriti í desember 2014.

2.3. Starfssemi aðalstjórnar



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

- 2.3.1 Unglingalandsmót
- 2.3.2 Landsmót 50+
- 2.3.3 Landsmót UMFÍ

Á síðasta ári voru haldin 2 landsmót 50+ og Unglingalandsmót. Ungmennafélag Njarðvíkur átti þátttakendur á báðum mótunum.

Landsmót 50+ verður haldið 26.-28. júní á Blönduósi og Unglingalandsmótið verður á Akureyri dagana 31.7-2.8. Við hvetjum okkar félagsfólk að fjölmenna á bæði mótin og eiga skemmtilega stund saman.

2.3.4 Sport og ævintýraskóli

Sport og ævintýraskóli fyrir börn frá 6-12 ára er orðinn fastur liður hjá félaginu í uppbyggingarstarfinu. Námskeiðin tókust mjög vel undir forystu Andrésar Þórarins Eyjólfssonar íþróttافرæðings. Reykjanesbær styrkti verkefnið vel og viljum við færa þeim okkar bestu þakkir fyrir. Nánar um framkvæmd verkefnisins er að finna í skýrslu forstöðumannsins sem fylgir hér með.

2.3.5 Sambandsráðsþing/fundur UMFÍ

11. október 2014 var haldið 39. Sambandsráðsfundur UMFÍ á Garðabæ. Fulltrúar félagsins að þessu sinni voru Ólafur Eyjólfsson formaður og Thor Hallgrímsson

2.3.6 Styrktarreglur UMFN

Aðalstjórn veitti nokkra styrki á starfsárinu í samræmi við reglur þar. Er styrkja nánar getið í ársreikningum félagsins.

- Þar sem fjölmargar styrktarbeiðnir bárust aðalstjórn ákvað stjórnin að setja ákveðnar reglur í þessu sambandi. Voru því neðangreindar reglur settar á fundi þann 22. september 2009.
- UMFN úthlutar styrkjum til afreksmanna sinna, samkvæmt umsóknum sem berast frá formönnum deilda og eru styrkhæf verkefni þátttaka í Norðurlandamótum,



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Evrópumótum og Heimsmeistaramótum með landsliðum Íslands ef kostnaður vegna fararinnar er ekki greiddur að fullu af viðkomandi sérsambandi.

- Styrkur vegna tímabilsins 2014-2015 hefur verið ákveðinn 25.000,- krónur.
- Aðalstjórn UMFN fjallar sérstaklega um styrki vegna Ólympíuleika.
- Deildir UMFN eru fjárhagslega sjálfstæðar samkvæmt lögum félagsins og hafa tekjur af félagsgjöldum iðkenda sinna og ágóða af íþróttamótum og öðrum fjáröflunum. Deildir félagsins bera ábyrgð á útgjöldum* sínum og er uppsafnaður rekstrarvandi EKKI styrkhæfur.

*Dæmi um útgjaldaliði: Kostnaður við þjálfun (laun og fræðsla), keppnisbúningar, dómgæsla, ferðakostnaður og hver sá búnaður sem þarf til æfinga og keppni.

2.3.7. Ritnefnd UMFN

Ritnefnd hefur unnið að útgáfu afmælisrits félagsins sem var gefið var út í desember 2014. Mikil vinna var á höndum ritnefndarinnar og unnu nefndarmenn ötulega að því að safna saman sögu úr heimildum félagsins. Vinna þessara manna og kvenna er ómetanleg fyrir alla félagsmenn og félagið.

2.3.8 Þorablót

Þorablót félagsins var haldið í félagsaðstöðu Ungmennafélagsins fjórða árið í röð. Þessi tilhögun krefst mikils undirbúnings sem hin ágæta þorablótsnefnd leysti af hendi með miklum sóma. Félagsmenn frá öllum deildum komu að uppsetningu salarins. Hinn sanni félagsandi endurspegladist þar á glæsilegan hátt við að gera salinn eins glæsilegan og hægt var. Bæjaryfirvöld, íþróttafulltrúi, forstöðumaður íþróttahúsins og starfsfólk eiga sérstakar þakkir skyldar fyrir einstaklega gott viðmót og hjálpsemi við framkvæmdina. Blótið sjálft tókst einstaklega vel, um 450 manns sóttu það og var uppselt í lok nóvember. Vinna við næsta blót er hafin.

2.3.9 Fundir aðalstjórnar

Stjórn félagsins hélt 8 bókaða fundi ásamt því að stjórnarmenn sátu hina ýmsu fundi í kringum þau verkefni sem unnið var að. Fastur fundartími er annar miðvikudagur hvers mánaðar kl. 17:15-19:00. Haldnir voru 2 fundir með formönnum deilda. Varamenn stjórnar



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

sækja alla fundi stjórnarinnar og eru þeir því vel inn í öllum málefnum sem á baugi eru hverju sinni.

3.0 Starfssemi deilda

3.1. Knattspyrnudeild

Ársskýrsla Knattspyrnudeildar Ungmennafélags Njarðvíkur fyrir starfsárið 2014

Þegar litið er til baka yfir starfsárið 2014 er margt í rekstrinum sem við getum verið sátt með og að venju var eitthvað annað sem ekki tókst svo vel til með. Í rekstri íþróttafélaga oftast árangurinn mældur í titlum og afrekum. Rekstur deildarinnar gekk ágætlega eins og ársreikningar bera með sér. Ekki gengu öll markmið stjórnar upp varðandi tekju öflun. Rekstur yngri flokka er komin í góðan farveg en hann riðlaðist talsvert árið 2010 en með samhentu átaki hefur tekist að koma rekstrinum á gott ról. Rekstur meistaraflokks varð fyrir umtalsverðum tekjumissi á árinu sem skýrist mest vegna mikils samdráttar í styrkjum. Ljóst er að fyrirtæki eiga enn erfitt uppdráttar og erfitt að sjá hvenær ástandið lagst. Það er ekkert öruggt þegar kemur að rekstri deildar eins og knattspyrnudeildar, tekjur annað hvort koma eða koma ekki þó gert sé ráð fyrir þeim. Reynslan okkar hefur sýnt að samingar um styrki og annað hafa ekki verið í hendi þótt þeir séu til á blaði. Ekkert annað en mikil vinna og aftur vinna er að skila deildinni rekstarfé, þessi vinna er unnin af fáum höndum og eru þær færri en margir halda. Þeir sem vinna þessa miklu vinnu sem skila þessum tekjunum eiga mikið hrós skilið en ekki athugasemdir og ábendingar um hvernig er betra að vinna hlutina. Enn og aftur köllum við eftir fleiri höndum til þess að koma að verkinu. Bæði í stjórn, ráð og önnur verkefni sem deildinni tilheyrja. Fjöldi fyrirtækja hafa ennþá trú á starfseminni og þökkum við kærlega fyrir þann stuðning. En okkar von er að Suðurnesjasólin fari að rísa hærra á loft hér í Njarðvík, með auknum umsvifum og nýjum fyrirtækjum. Rekstur íþróttafélaga og deilda byggist upp á góðum hug fyrirtækja og einstaklinga og hugsjónum þeirra sem starfa í íþróttahreyfingunni á hverjum stað fyrir sig. Þetta gerist ekki af sjálfum sér. Starfsemi yngri flokka var með svipuðu sniði og undanfarin ár og iðkendum hefur fjölgað. Við vorum með lið í öllum flokkum drengja en þó í samstarfi við Reyni/Víði í 3. flokki. Árið 2014 tekur yfir tvö starfsár 2013/2014 og svo 2014/2015 sem hófst 1. október 2014. Frá þeim tíma störfum við eingöngu undir merkjum Knattspyrnudeildar UMFN.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Í meistaraflokki sáum við eitt erfiðasta keppnistímabil í langan tíma og lengst af var liðið fallið í 3. deild. Menn höfðu trú á því sem við vorum að gera og með mikilli samstöðu tókst okkur að snúa við taflinu og tryggja okkur áttunda sætið á síðustu mínútunum. Við tefldum fram frekar reynslulausu liði í bland við ungan aldur, við töldum að liðið væri nógu gott sem það var í raun en ekkert féll með okkur í mörgum leikjum.

Í 2. flokki erum við í samstarfi við Keflavík annað árið í röð og gekk keppni þar bara nokkuð vel. A liðið náði að sigra B riðill Íslandsmótsins og leikur því í efstu deild á þessu ári. B liðið stóð sig einnig vel og náði inn í 4 liða úrslit Íslandsmótsins.

Rekstur íþróttasvæðisins var áfram í umsjón deildarinnar samkvæmt samningi við Reykjanesbæ. Áfram var haldið við að gróðursetja aspir umhverfis íþróttasvæðið. Nú má segja við séum að verða rúmlega hálfnaðir. Vonir standa til að fá fjármagn fyrir árið 2015 en það er Pokasjóður Fríhafnarinnar sem hefur styrkt þetta verkefni. Er það von okkar sem höfum komið að þessu verkefni að framtíðarleikmenn og konur geti notið þess að leika knattspyrnu á fallegu og skjólsömu svæði, auk þess að framkvæmd þessi ætti að hafa góð áhrif á knattspyrnuvöllina og umhverfi þeirra.

Að lokum viljum við þakka öllum foreldrum, forráðamenn, þjálfurum, iðkendum og öllum þeim fjölmörgu aðilum og fyrirtækjum sem hafa aðstoðað knattspyrnudeildina til þess að starfið gæti gengið sem best. Sérstaklega vill knattspyrnudeildin þakka öllum þeim aðilum sem skipa nefndir og ráð og vegum deildarinnar fyrir mikið og óeigingjarnt framlag. Af alhug þökkum við þeim fyrir vinnuframlag sem seint verður metið.

Þjálfarar Alls störfuðu 13 þjálfarar hjá okkur á starfsárinu: Meistaraflokkur; Guðmundur Steinarsson og Ómar Jóhannsson 2. Flokkur; Helgi Arnarson og Ingi Þór Þórisson 3. Flokkur; Hjörtur Fjeldsted / Þórir Rafn Hauksson frá 1.10 2014 4. Flokkur; Þórir Rafn Hauksson / Snorri Már Jónsson frá 1.10 2014 5. Flokkur; Snorri Már Jónsson / Guðni Erlendsson frá 1.10 2014 6. Flokkur; Þórir Rafn Hauksson / Ingi Þór Þórisson frá 1.10 2014 7. Flokkur; Ingi Þór Þórisson Aðstoðarþjálfarar; Ari Már Andrésson, Magnús Már Ágústsson og Stefán Marteinn Ólafsson .

Helstu viðurkenningar á árinu Knattspyrnumaður UMFN 2013; Styrmir Gauti Fjeldsted Meistaraflokkur Leikmaður ársins; Styrmir Gauti Fjeldsted Markahæstur; Björn Axel Guðjónsson Efnilegasti leikmaðurinn; Brynjar Freyr Garðarsson Viðurkenning fyrir 50 leiki; Styrmir Gauti Fjeldsted Viðurkenning fyrir 100 leiki; Gísli Freyr Ragnarsson Íþróttasvæðið Leikir á Njarðtaksvelli 37 leikir Leikir á æfingasvæðinu 5 leikir Alls leikir 42 leikir Alls leikir á íþróttasvæðinu frá 2007 353 leikir

Æfingar Flokkar Knattspyrnudeildar Njarðvíkur yfir 500 æfingar.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Fyrir hönd stjórnar Knattspyrnudeildar UMFN
Arngrímur Guðmundsson
Formaður

3.2. Körfuknattleiksdeild

Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar UMFN 2014

Undanfarið ár hefur verið litríkt og skemmtilegt hjá Körfuknattleiksdeild UMFN. Ný stjórn félagsins gekk til samninga við nýja þjálfara. Friðrik Ingi Rúnarsson tók við aðalþjálfun meistaraflokks karla- og kvenna en honum til aðstoðar voru þeir Teitur Örylgsson og Agnar Mar Gunnarsson. Með ráðningu Friðrik Inga var stigið stórt skref en hann var ráðinn inn til félagsins í fullt starf, alla 12 mánuði ársins sem aðalþjálfari, auk þess að hjálpa til við störf á skrifstofu félagsins. Sara Guðmundsdóttir kom aftur til starfa sem sjúkráþjálfari og Ólafur Hrafn hélt stöðu sinni sem styrktarþjálfari. Það er mat stjórnar að ráðning nýrra þjálfara hafi markað enn frekari framfarir hjá félaginu.

Rekstur deildarinnar var góður en fjöldi nýrra styrktaraðila komu veglega að starfi deildarinnar, þakka ég þeim öllum kærlega fyrir og að sjálfsögðu einnig félögum mínum í stjórn kkd UMFN fyrir samvinnuna á yfirstandandi tímabili. Styrkur frá Reykjanesbæ upp á 3 milljónir króna kom sér vel á sl ári. Nú hafa heyrst raddir um að leggja eigi styrkinn af til deildarinnar. Ég efast ekki um að mörg ykkar hérna inni séu sammála mér um það, að körfubolti sé þjóðaríþrótt Reykjanesbæjar! Við höldum að vissu leyti merki og stolti bæjarins á lofti. Það mun koma sér illa fyrir rekstur deildarinnar ef Reykjanesbær mun ekki styrkja starf deildarinnar á þessu ári. Þá er nýtt fyrirkomulag aðaldeildar um afkomudreifingu á tekjum af Þorablóti að hafa alvarleg áhrif. Tekjur kkd af síðasta Þorablóti voru engar. Hvernig dettur fólki í hug að leggja að jöfnu kkd og aðrar minni deildir þegar kemur að tekjudreifingu af Þorablóti UMFN? Ég spyr hvort ekki sé tímabært að körfuboltinn haldi sitt eigið Þorablót svo hægt sé standa straum af rekstri langstærstu íþróttadeildar innan UMFN? Þetta er umhugsunarefni. Það er deginum ljósara að missir tekna kkd af þorablóti auk fregna af styrkveitingum RNB til körfuknattleiksdeildarinnar mun hafa mjög erfið áhrif á rekstur deildarinnar.

En að öðru og öllu skemmtilegra:



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Kvennaliðið átti frábært tímabil, komust alla leið í 4ja liða úrslit í bikarkeppninnar, sem að ég held að sé fordæmalaust í kvennaboltanum. Þær töpuðu einungis 1 leik í deildarkeppninni og skiluðu í hús deildarmeistaratitli í 1. deild kvenna. Grátlega lítið vantaði upp á að liðið færi alla leið í úrslitakeppninni á móti sterku liði Stjörunnar. Það þótti dapur leikur að sjá Stjörnumenn nýta sér krafta eins af betri leikmönnum úr liði Vals í úrslitakeppninni. Í skjóli umdeilda venslasamninga í reglugerð KKÍ var Stjörnumönnum fært að fara þessa leið. Má vera að umræddur leikmaður hafi haft úrslitaáhrif í lokakeppninni. Þá ber að minnast þess að erlendur leikmaður mfl kvenna, Nikitta, sagði starfi sínu lausu undir lok janúarmánuðar. Er hún með barni og auðvitað vonumst við öll eftir því að hún og hennar fjölskyldu muni farnast vel. Staðreyndin breytist þó ekki, því með skyndilegu brotthvarfi Nikittu, tókst stjórnarmönnum ekki að tryggja nýjan leikmann í tíma en félagaskiptagugginn lokast ávallt undir lok janúar. Það sem stendur þó upp úr eru áberandi framfarir hjá leikmönnum liðsins. Liðið er ungt og ég leyfi mér að fullyrða með efnilegustu liðum landsins. Þá er það bláköld staðreynd að fjöldinn af efnilegum leikmönnum bíður einnig færis á að taka þátt í umgjörð meistaraflokks kvenna, þá leikmenn sem eru fæddir á árunum 1998-2001. Það er ljóst að framtíðin er björt í kvennaboltanum í Njarðvík og ég leyfi mér að vonast til þess að núverandi leikmenn muni flestir halda áfram með klúbbum okkar. Við bjóðum upp á frábæra þjálfun og góða umgjörð sem mun gera leikmenn okkar betri, vonandi hugsa leikmenn til þeirrar staðreyndar.

Karlaliðinu tókst ekki að komast áleiðis í bikarkeppninni. Það voru mikil vonbrigði að láta núverandi lið 1. deildar karla, Skallagrím slá okkur út í bikarnum. Í raun algjört kjaftshögg. Á þessum tíma voru margar órólegar raddir talandi um gengi liðsins eins og gengur. Það sem skiptir þó mestu máli við slíkar aðstæður, er að halda áfram. Ákveðin og að vissu leyti glöggir menn á íþróttina, vissu innra með sér, að búið var að marka leiðina og bjartari dagar væru síðar í vændum. Frá því snemma sumars árið 2014 höfðu nýir þjálfarar liðsins sett sér ákveðin markmið með liðið. Breyta átti liði Njarðvíkur í alvöru varnarlið. Góður varnarleikur er ávísun á góðan árangur. Sá sem hér talar fylgdist gjarnan með æfingum og sá hægt og rólega hvert stefndi. Ekki einungis voru áberandi framfarir að koma í ljós varnarlega yfir tímabilið, heldur sást einnig hvernig körfuboltagreind leikmanna tók framförum sem og almennt sjálfstraust. Það tók suma leikmenn tíma að venjast nýjum háttum við þjálfun liðsins, aginn var meiri en áður. Það fylgja því átök að breyta algjörlega um taktík fyrir körfuboltalið. Árangurinn kemur ekki strax í ljós og hætt er við því að menn hellist úr lestinni og leiti á önnur mið. Samtals 3 leikstjórnendur ákváðu að taka poka sinn og hætta að spila



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

með liði sínu á miðju tímabili. Stjórn og þjálfarar urðu því að taka mið af slíkum breytingum og fá til liðsins erlendan leikmann í stað Dustin Salisberry, sem þó hafði vaxið gríðarlega í síðustu leikjum sínum fyrir liðið. Það var því aldeilis umdeild ákvörðun stjórnar þegar Salisberry var sögt upp störfum og nýr leikstjórnandi kynntur til leiks, Stefan nokkur Bonneau. Ég held að það sé óhætt að nefna að sá leikmaður var þvílíkur happafengur fyrir klúbbinn okkar. Ekki einungis er sá kappi einn sá allra besta leikmaður sem hefur tiplað á okkar góða parketi hér í Ljónagryfjunni heldur er hann einnig drengur góður og til fyrirmyndar, innan vallar sem utan. Þá bera minnst á Stefan Mirko sem spilaði sitt fyrsta ár með liði UMFN en hann kom inn í liðið sem miðherji, var byrjunarliðsmaður og stóð sig vel. Ekki er ljóst á þessu stigi hvort við getum vænst þess að fá þessa tvo frábæru leikmenn og eðdaleintök aftur til baka. Það er hins vegar lóst að einn af bestu leikmönnum deildarinnar, Logi Gunnarsson, verður áfram. Sama gildir um Snorra Hrafnkelsson, Óla Helga Jónsson, Maciek Baginsky, þá er vonast til að Maggi Trausta, Oddur Péturs, Adam Ásgeirs, Jón Arnór og Ragnar Helgi haldi áfram enda eru þessir ungu leikmenn okkar framtíð.

Liðið okkar náði þeim árangri að komast aftur úrslitakeppnina. Stórkostleg rimma við Stjórnuna skilaði liðinu okkar áleiðis í undanúrslit. Undanúrslitin á móti Íslandsmeisturum KR munu seint gleymast. Í þessum rimmum tveimur sást glögglega hverjar framfarir liðsins hafa verið með tvo af allra bestu þjálfurum landsins, þá Friðrik og Teit, við stjórnvölinn. Við rassskelltum Íslandsmeistarana sjálfa í Ljónagryfjunni og sýndum fram á gamalkunnan mátt hins eina sanna Njarðvíkurhjarta. Áhorfendur okkar voru stórkostlegir og í raun langt síðan Njarðvíkurhjartað hefur slegið jafn stolt og það gerði í þessum rimmum. Þetta var einu orði sagt frábær upplifun - þessi úrslitakeppni. Að sama skapi tók það mig og eflaust ykkur öll, töluverðan tíma til að kyngja tapinu á móti KR í oddaleik liðanna. Við vorum svo sorglega nærri. Ég efast ekki hvernig rimma okkar við Tindastól hefði farið ef við hefðum komist í gegnum lið KR. Í raun vorum við einu skoti frá þeim stóra. Ágætu vinir, Einu skoti frá þeim stóra, sjálfum Íslandsmeistaratitlinum. Þessi orð endurspeglar mátt íþróttanna og þær miklu tilfinningar sem þeim geta fylgt, glaðar og sárar upplifanir. Þjálfarar liðsins og sá sem hér stendur þekkja það að sigra. Höfum allir smakkað þann sæta blóðdropa að vera sagðir bestir þeirra bestu. Fyrir marga unga leikmenn liðs okkar í dag er þetta ókunn reynsla. Eitt má þó vera á hreinu, að okkar frábæru leikmenn, tóku þessum ósigri af karlmennsku og munu án efa koma til baka eins og blóðþyrstir víkingar til forna, með eitt ætlunarverk í huga. Að vinna – að vinna – að vinna. Ég er bjartsýnn á tímabilið 2015-2016. Við erum með bestu þjálfarana, frábæra stuðningsmenn og það sem skiptir svo miklu máli, uppaldna leikmenn með mikla



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

hæfileika og alla burði til að fara alla leið í íslenskum körfubolta. Saman, verðum við öll að trúa á verkefnið.

Að lokum vil ég minna á vorveisluna okkar góðu, uppskeruhátíða sjálfa en hún mun fara fram í STAPA þ. 22 maí n.k.

Fyrir hönd stjórnar kkd UMFN þakka ég þjálfurum og leikmönnum mfl kvenna- og karla fyrir gefandi og skemmtilegt samstarf, við vitum öll að þjálfarar og leikmenn lögðu sig öll fram um að gera sitt besta, fjölmargir starfsmenn, stjórn, velunnarar og stuðningsmenn hafa einnig lagt sitt lóð á vogarskálarnar í vetur. Þó svo ekki hafi allt farið á besta veg, þá er eitt á hreinu að við getum horft stolt fram á veginn.

Áfram Njarðvík.

Gunnar Örlygsson formaður

Skýrsla unglíngaráðs UMFN 2014

Starfsemi Unglíngaráðs var með hefðbundnum hætti tímabilið 2013-2014. Iðkendafjöldi hefur aukist á síðustu árum og þá sérstaklega stúlkumegin sem er vel en í fyrsta sinn í sögu félagsins eru fleiri stúlkur við æfingar í körfuknattleik. Stærstu verkefni Unglíngaráðs fyrir utan hefðbundið mótahald og æfingar eru Nettómót og m.a. umsjón á hátíðarsvæði Ljósanætur sem er samstarfsverkefni með Unglíngaráði kkd Keflavíkur.

Einar Árni Jóhannsson hefur starfað sem yfirþjálfari Unglíngaráðs undanfarin sex ár og aðrir þjálfarar yngri flokka eru Agnar Mar Gunnarsson, Erna Hákonardóttir, Gísli Gíslason, Bylgja Sverrisdóttir, Jóhannes Kristbjörnsson, Lárus Ingi Magnússon, Eygló Alexandersdóttir og Örvar Þór Kristjánsson. Þá er styrktarþjálfarinn Ólafur Hrafn Ólafsson búinn að starfa undanfarin tvö ár hjá félaginu og ríkir mikil ánægja með hans störf.

Sumaræfingar eru orðnar fastur liður í starfinu og voru í umsjón Einars Árna sem hélt utan um afrekshóp og fleiri þjálfarar félagsins komu að sumarstarfinu.

Fjórir titlar komu í hús á keppnistímabilinu 2013-2014:

7.flokkur stúlkna, Íslandsmeistari þjálfari Agnar Mar Gunnarsson

10.flokkur karla Bikarmeistari - þjálfari Einar Árni Jóhannsson

10.flokkur karla Íslandsmeistari - þjálfari Einar Árni Jóhannsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Unglingaflokkur karla Bikarmeistari - þjálfari Einar Árni Jóhannsson

Einar Árni Jóhannsson yfirþjálfari Unglingaráðs.

3.3. Massi – lyftingar og líkamsræktardeild

Skýrsla stjórnar Massa starfsárið 2014

Árið 2014 hefur verið annasamt hjá okkur og margt stórkostlegt gerst sem hefur sýnt það og sannað að með samstilltu átaki þá eru okkur allir vegir færir.

Massafólk hélt uppteknum hætti í kraftlyftingum og var duglegt að keppa. Massafólk raðaði inn persónulegum bætingum í bland við fjöldan allan af íslandsmetum í öllum greinum og aldursflokkum. Þess má til gamans geta að yngsti keppandinn á árinu var rétt 16 ára og sá elsti 56 ára og líklega engin deild sem hefur virka keppendur á svo víðu aldursbili sem raunin er. Í kraftlyftingunum fór þó fremst meðal jafninga Sindri Freyr Arnarsson í karlaflokki og Inga María Henningsdóttir í kvennaflokk. Bæði tvö glæsilegir fulltrúar Massa sem klárlega eiga eftir að láta að sér kveða í framtíðinni. Þess má geta að Sindri Freyr varð Norðurlandameistari í kraftlyftingum 2014 og er í landsliðshóp Kraftlyftingasambands Íslands.

Það er svo gleðilegt að geta sagt frá því að loksins eignaðist Massi fulltrúa í ólympískum lyftingum og getum því sagt með sanni að nú standi Massi fyllilega undir nafni sem lyftinga og líkamsræktardeild. Emil Ragnar Ægirsson og Ragnheiður Sara Sigmundsdóttir sem bæði eru í landsliðshóp Lyftingasamband Íslands eftir frábæran árangur ársins 2014 bæði hér heima og erlendis. Emil og Sara eru lyftingafólk Massa ársins 2014.

Talsverð nýliðun hefur orðið í kraftlyftingum á síðustu misserum og þá sérstaklega í klassískum kraftlyftingum. Klassískar kraftlyftingar eru orðin stór þáttur af okkar starfi og hefur Sindri Freyr séð um þjálfun og undirbúning þeirra iðkennda af langmestu leyti með



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

góðum árangri sem skilar sér klárlega í öflugum keppnishóp í þessum hluta kraftlyftinganna. Klassískar kraftlyftingar eru skemmtileg viðbót í mótaflórana og auðveldar okkur að opna leið fyrir þá sem vilja prófa keppnislyftingar án þess þó að eyða stórfé í keppnisbúnað sem krafist er í Kraftlyftingum. Svo eru klassískar kraftlyftingar einnig kærkomnar fyrir gamla hunda sem vilja keppa í kraftlyftingum en nenna ekki þessu búnaðarveseni.

Framkvæmdir ársins.

Á árinu voru teknir í gagnið talnalásar inn í þrek og kraftlyftingasal Massa. Það kom í ljós að margir höfðu nýtt sér aðstöðunna um mislanga hríð án þess að greiða krónu fyrir og í sumum tilfellum taldi þetta eitt til þrjú ár! Það var svo sem vitað að einhver misbrestur væri á innheimtu félagsgjalda en það hefði seint hvarlað að nokkrum manni að staðan væri svo slæm sem raun bar vitni. Þetta er að baki og það var ákveðið að í stað þess að fara í einhvern eltingarleik við sluxana þá yrði byrjað frá grunni og öllum gert að skrá sig inn í hið nýja kerfi án undantekninga. Vissulega hefur ekki gengið þrautalaust að virkja þetta ferli að fullu þar sem margir vildu nýta þreksal Massa sér að kostnaðarlausu. Tekjulaus rekur Massi sig ekki svo einfalt er það. Þetta er eitthvað sem undirritaður hefur verið að berjast fyrir að koma fólki í skilning um. Massi þarf tekjur líkt og aðrar deildir svo að viðhald og endurnýjun búnaðar sé möguleg ásamt því að senda keppendur á mót hér og erlendis. Ekki skal gleyma því að hluti tekna Massa renna til aðalstjórnar U.M.F.N þar sem allar deildir geta sótt sér styrki eftir þörfum.

Þéttur hópur Massafólks réðst svo í það risaverkefni að rífa upp gamla íþróttagólfið af þreksalnum og leggja niður gólfefni sérhannað til að taka við þeirri ániðslu og djöfulgangi sem á sér stað í þrekaðstöðunni. Við þetta tækifæri var málað og snurfusað í hólfi og gólf og eftir stendur þreksalur Massa glæsilegri en nokkurn tíma áður. Þetta var ekki auðvelt og það eru engar ýkjur að þarna var unnið frá snemma að morgni langt fram á nótt í þá tíu daga sem



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

verkið tók. Nýr og endurbættur salur hefur svo skilað okkur fleiri almennum iðkendum sem skilar sér í tekjum til okkar og U.M.F.N

Litli Massi þ.e.a.s kraftlyftingaaðstaðan er að verða eins og bestur verður á kosið þó að lítill sé. Við höfum kappkostað að kaupa aðeins viðurkenndan búnað svo að okkar fólk geti æft sig með alvöru tækjum og tólum. Þessi búnaður er dýr en skilar sér í góðri endingu að ógleymdum gæðastimpli sem geir okkur kleyft að halda alþjóðamót líkt og á nýliðnu ári.

Það er ekki hægt að tala um framkvæmdir án þess að minnst á fyrrverandi formann Massa . Hemmi Jak hefur verið fulltrúi aðalstjórnar í samstarfi Massa og aðalstjórnar U.M.F.N og séð um daglegt viðhald á tækjum og tólum í stóra Massa. Við erum Hemma mjög þakklát og eigum vonandi eftir að njóta krafta hans um ókomna tíð.

Að öðrum ólöstuðum þá vill undirritaður nota tækifærið og þakka sérstaklega Ella Ómarssyni og Herði Birkissyni sérstaklega fyrir sitt framlag fyrir deildina. Það dýrmætt að eiga iðnaðarmenn sem eru boðnir og búnir í hvert skipti sem þeirra er þörf.

Mótahald

Í mars hélt Massi að venju Íslandsmótið í kraftlyftingum og var ákveðið að nota tækifærið og lyfta mótahaldi á Íslandi á hærra plan enda reynt að setja alla staðla sem næst alþjóðastöðlum okkur til fróðleiks og öðrum félögum til fyrirmyndar. Mótið tókst með eindæmum vel og reyndist okkur gott veganesti fyrir næsta áfanga.

Strax í upphafi árs var undirbúningur hafin fyrir tvö norðurlandamót sem haldin voru í íþróttahúsi Njarðvíkur eina sólbjarta helgi í lok ágúst. Annars vegar var norðurlandamót í kraftlyftingum sem haldið var á föstudegi þar sem 42 keppendur frá öllum norðurlöndunum sýndu mátt sinn og megin. Hins vegar Norðurlandamót í bekkpressu þar sem 28 keppendur pressuðu líkt og engin væri morgundagurinn. Á þessum mótum voru sett fjöldinn allur af Íslands, norðurlanda og evrópumetum að ógleymdum fimm heimsmetum . Fimm heimsmet í



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Njarðvík nú eða Íslandi eru engin smá tíðindi þar sem sjaldan eru staðlar mótahalds á Íslandi til þess fallnir að hægt sé að fá viðurkennd heimsmet og þá er alveg sama hvaða íþróttagrein sé litið til. Massi fékk mikið lof fyrir alla framkvæmd og klárt mál að öll umgjörð var eins og hún gerist best á heimsmeikvarða. Að mótinu meðtöldu var öll umsýsla gistinga, ferða innanbæjar og glæsilegs lokahófs var í höndum Massa.

Skipulag fyrir svona mót hleypur á einhverjum hundruðum vinnustunda enda í mörg horn að líta. Undirritaður getur vottað það að gjaldkeri Massa lagði nótt við dag í þessu verkefni nánast allt sumarið 2014. Það var mál manna að þarna hefði verið flottasta kraflyftingamót sem nokkru sinni hefur verið haldið á Íslandi og þó víða væri leitað.

Massi hélt uppteknum hætti á Ljósanótt og hélt keppnina um sterkasta mann Suðurnesja í tólfta sinn. Frábær dagur í góðri stemningu þar sem okkar öflugustu reyndu með sér í alskyns aflraunum. Þorvarður Ólafsson stóð uppi sem sigurvegari eftir harða en drengilega keppni.

Við héldum líka kraftakeppni barna í tengslum við hátíð barna í Reykjanesbæ. Þarna kom ungvíðið og reyndi með sér í hefbundnum aflraunum og allir voru leystir út með verðlaunapening og hamingjuóskum. Þetta var skemmtilegt verkefni sem Reykjanesbær óskaði eftir að við tækjum að okkur. Næsta kraftakeppni barna er skipulögð 9. maí næstkomandi. Grasrótarstarf í sinni skemmtilegustu mynd og vonandi komið til að vera.

Þetta var nú það helsta sem á daga okkar hefur drifið á nýliðnu ári þó ég sé eflaust að gleyma einhverju. Það sem kemur fyrst upp í hugann þegar ég hugsa til baka er þakklæti til þeirra fjölmörgu sem gerðu árið eins frábært og raun ber vitni.

Takk team Massi

Formaður Massa



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Sturla Ólafsson

3.4. Sunddeild

Skýrsla stjórnar Sunddeildar UMFN starfsárið 2014

Starfið í deildinni var með svipuðu sniði og undanfarin ár, við erum með vel mótað skipulag, metnaðarfulla stefnu og okkur hefur gengið vel eins og sjá má af góðum árangri iðkenda. Stjórnir sunddeilda Njarðvíkur og Keflavíkur vinna saman eins og vel smurð vél og halda uppi frábæru starfi. Við bjóðum upp á eitt besta þjálfarateymi landsins með æfingaskipulag sem er að skila okkur mjög góðum árangri. Það skiptast þó á skin og skúrir og það dimmdi yfir síðasta haust þegar sunddeildin varð fyrir miklum missi en G. Elsie Einarsdóttir féll frá í október. Hún sinnti ýmsum störfum innan sunddeildarinnar í gegn um árin. Hún var afar ósérhlífín og aldrei stóð á henni að bjóða sig fram í þau verk sem þurfti að vinna. Síðustu árin starfaði hún enn í stjórn þrátt fyrir að hennar synir væru að mestu hættir sundiðkun.

Það er von á breytingum á næsta tímabili en Anthony Kattan yfirþjálfari hefur ákveðið að stefna á önnur mið eftir fimm ára starf hjá okkur. Hann hefur staðið sig frábærlega með liðið og skilar góðu búi til næsta yfirþjálfara. Liðið verður áfram í góðum höndum en Steindór Gunnarsson þjálfari hjá Njarðvík og ÍRB til margra ára tekur við keflinu sumarið 2015 og við horfum björtum augum til áframhaldandi samstarfs við hann.

Íslandsmeistaramót og Bikarmeistaramót SSÍ

Íslandsmeistaramót í 50 m laug fór fram í apríl og í 25 m laug í nóvember. Árangurinn var mjög góður á báðum mótunum og liðið okkar sýndi styrk á öllum sviðum og kom mörgum á óvart. Við náðum betri árangri en á undanförunum árum á báðum mótunum. Sunneva Dögg var með besta árangur okkar kvenna á báðum mótunum og var með 754 FINA stig í 400 m skriðsundi á ÍM25. Hún varð Íslandsmeistari í 1500 skrið á ÍM50 og sló með því sundi Íslandsmetið í stúlknaflökki. Hún varð Íslandsmeistari í 200 og 1500 skrið á ÍM25. Eydís Ósk Kolbeinsdóttir setti Íslandsmet í telpnaflökki í 1500 skrið á ÍM50 og Karen Mist Arngeirsdóttir setti Íslandsmet í telpnaflökki í 50 og 100 m bringusundi á ÍM50 og í 100 m bringusundi á ÍM25 og varð Íslandsmeistari í 50 og 100 m bringusundi. Stelpurnar þrjár urðu líka allar Íslandsmeistarar í boðsundi með boðsundsveitum ÍRB.

Bikarmót SSÍ var einnig árangursríkt hjá okkur. Stelpurnar í 1.deild sýndu aftur fjölbærni sína og styrk með því að skara fram úr öðrum liðum og ná að sigra Bikarmótið annað árið í röð.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Þær bættu stigaskor sitt og náðu að halda aftur af sterku liði SH. Strákarnir í 1. deild náðu 2. sæti annað árið í röð og það sást að liðið er efnilegt þar sem yngstu sundmennirnir áttu mjög góð sund.

AMÍ

Aldursflokkameistaramót Íslands var haldið með glæsibrag í Reykjanesbæ í júní og fór liðið okkar með sigur af hólmi fjórða árið í röð. Á mótinu kepptu sundmenn 10-15 ára. Við unnum stigakeppnina með 1069,5 stig. Í öðru sæti var lið Ægis með 536 stig og í þriðja sæti var lið SH með 458 stig. Við áttum stóran hóp verðlaunahafa þar af marga aldursflokkameistara. Njarðvík átti 17 keppendur á mótinu og unnu 11 þeirra til gullverðlauna en það hlýtur að teljast frábær árangur. Karen Mist Arngeirsdóttir sló Íslandsmetið í 50 og 100 m bringusundi í Telpnaflokki. Boðsundsveitin í Telpnaflokki sló Íslandsmetið í flokknum í 4x50 m fjórsundi og 4x100 m fjórsundi. Sveitina skipuðu þær Eydís Ósk Kolbeinsdóttir, Karen Mist Arngeirsdóttir, Gunnhildur Björg Baldursdóttir og Stefanía Sigurbórsdóttir. Á lokahófi AMÍ fengu nokkrir sundmenn sem sköruðu fram úr verðlaun og var Sunneva Dögg Friðriksdóttir stigahæsta sundkonan í Stúlknaflokki.

Ferð á Euromeet í Luxemborg og æfingaferð til Calella á Spáni

Í byrjun febrúar ferðaðist hópur 19 sundmanna ásamt þjálfara og tveimur fararstjórum til Luxemborg til þess að taka þátt í Euromeet sem er eitt sterkasta sundmótið á fyrri hluta sundtímabilsins í Evrópu. Keppnin á mótinu var afar hörð enda margir heimsklassasundmenn sem tóku þátt, til dæmis Katinka Hosszu frá Ungverjalandi og Paul Biederman frá Þýskalandi. Þess má geta að til þess að komast á mótið þurftu sundmenn að ná erfiðum lágmarkum en þau eru umtalsvert erfiðari en á ÍM50. Eydís Ósk Kolbeinsdóttir átti frábært 800 m skriðsund og vann silfurverðlaun. Ferðin heppnaðist vel í alla staði og keppnin var af hæfilegum styrkleika fyrir bestu sundmenn okkar þar sem samkeppnin var mun meiri en hægt er að fá á Íslandi. Svo mikil var ánægjan með ferðina að ákveðið var að fara aftur á mótið 2015.

40 sundmenn og 7 starfsmenn fóru til Calella á Spáni í tæplega tvær vikur um mánaðarmótin júlí/ágúst. Æfingaaðstaðan var í hæsta gæðaflokki, útisundlaug með 10 brautum og sýndu gestgjafar okkar mikla gestrisni. Æft var tvisvar á dag alla dagana fyrir utan tvo daga þegar farið var í dagsferðir. Fyrri ferðin var til Barcelona en sú síðari í vatnsleikjagarð, báðar ferðirnar voru mjög ánægjulegar. Hópurinn fékk góðan frítíma í ferðinni á milli æfinga og voru flestir sem eyddu honum annað hvort á ströndinni eða við laugina á hótelinu.

Unglingalandslið



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Fjórir sundmenn úr Sunddeild Njarðvíkur áttu sæti í Unglingalandsliðum Sundsambands Íslands árið 2014. Sunneva Dögg Friðriksdóttir keppti á Evrópumeistaramóti Unglinga í Hollandi og á Ólympíuleikum Æskunnar í Nanjing í Kína. Ferðin til Kína var mikið ævintýri og dvöldu íslensku keppendurnir í 3 vikur í Ólympíuþorpinu. Sunneva Dögg var fánaberi íslenska liðsins og stóð sig með þryði. Þrjár stúlkur fóru á Norðurlandameistaramót Æskunnar í Kaupmannahöfn. Það voru þær Eydís Ósk Kolbeinsdóttir, Gunnhildur Björg Baldursdóttir og Karen Mist Arngeirsdóttir.

Eydís Ósk og Karen Mist kepptu svo á Norðurlandameistaramóti Unglinga í Svíþjóð í desember og náði Eydís Ósk þeim glæsilega árangri að vinna til bronsverðlauna í 400 m fjórsundi.

Sunneva Dögg náði lágmörkum bæði á Norðurlandameistaramót Unglinga og Heimsmeistaramótið í Doha í Qatar. Sunneva var of ung til þess að keppa á HM en fór í æfingaferð á vegum FINA sem haldin var í Doha samhliða HM fyrir unga og efnilega sundmenn.

Sannarlega frábær árangur hjá þessum flottu sundkonum að ná lágmörkum og keppa á þessum mótum en það er gríðarlega mikilvæg keppnisreynsla sem fæst með þáttöku á mótum sem þessum.

Sundfólk UMFN árið 2014

Sunneva Dögg Friðriksdóttir var valin sundkona ársins 2014 og bróðir hennar Alexander Páll Friðriksson sundmaður UMFN. Sunneva Dögg var svo valin Íþróttakona UMFN en Sunneva átti frábært ár 2014 og var vel að þessum titli komin og verður spennandi að fylgjast með þessari öflugu sundkonu í framtíðinni.

Hvatningarsjóður

Í janúar 2015 var í fyrsta sinn veitt úr Hvatningarsjóði sunddeildar UMFN en var þá veitt úr honum fyrir afrek á árinu 2014. Sjóðurinn var stofnaður af Árna Inga Stefánssyni og Halldóru Húnbogadóttur til minningar um son þeirra Jóhann Árnason sundmann og góðan félagar úr UMFN. Jóhann lést á sínu 25. aldursári ásamt konu sinni Dagbjörtu Þóru Tryggvadóttur í bílslysi í Tyrklandi. Veitt verður úr sjóðnum á aðalfundi deildarinnar ár hvert þegar tilefni er til en sundmenn UMFN fá styrk úr sjóðnum þegar þeir verða Íslandsmeistarar í fullorðinsflokki í fyrsta skipti eða þegar þeir vinna í fyrsta sinn til verðlauna á alþjóðlegum mótum eins og NMU, NÆM, EYOF, EMU, EM, HM eða á Ólympíuleikum.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Þrjár sundkonur fengu úthlutað 50 þúsund krónum hver úr sjóðnum en það voru:

Sunneva Dögg Friðriksdóttir sem varð Íslandsmeistari í 200 og 1500 m skriðsundi á ÍM50 og 1500 skriðsundi á ÍM25

Karen Mist Arngæirdóttir sem varð Íslandsmeistari í 50 og 100 m bringusundi á ÍM25

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir sem vann til bronsverðlauna í 400 m fjórsundi á NMU

Samantekt yfir helsta árangur einstakra sundmanna UMFN árið 2014

Íslandsmeistarar á ÍM50

Sunneva Dögg Friðriksdóttir: 1500 skrið

Íslandsmeistarar á ÍM25

Sunneva Dögg Friðriksdóttir: 200 og 1500 m skriðsund

Karen Mist Arngæirdóttir: 50 og 100 m bringusund

Gullverðlaun á AMÍ

Anika Mjöll Júlíusdóttir, Daníel Patrick Riley, Eydís Ósk Kolbeinsdóttir, Fannar Snævar Hauksson, Gunnhildur Björg Baldursdóttir, Karen Mist Arngæirdóttir, Kári Snær Halldórsson, Sigmar Marjón Friðriksson, Sunneva Dögg Friðriksdóttir og Þórdís María Aðalsteinsdóttir

Verðlaun á mótum erlendis

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir: Brons á Norðurlandameistaramóti Unglinga í 400 m fjórsundi og silfur í 800 m skriðsundi á Euromeet.

Fyrir hönd stjórnar

Harpa Kristín Einarsdóttir

Formaður sunddeildar UMFN



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

3.5 Judódeild

Skýrsla judódeildar UMFN starfsárið 2014

Margt skemmtilegt hefur gerst frá síðasta aðalfundi og ætla ég að tæpa á því stærsta sem gerst hefur á árinu 2015.

- Ný stjórn með kröftugu fólki tók til starfa eftir síðasta fund þar sem nokkrir nýjir komu inn fyrir þá sem ekki héldu áfram.
- Árið fór rólega af stað en það fyrsta sem var ákveðið var að æfingar skyldu áfram verða með sama móti og hefur verið. En judódeildin hefur haft sín æfingargjöld þau sömu og hvatagreiðslurnar eru frá Reykjanesbæ, sem hækkuðu í 10.000 kr. Fyrir árið 2014 og eru núna 15.000 kr.
- Við tóku svo fjáraflanir þar sem ráðist var í kjötsölu, kaffisölu á Barnahátíð, sala á Ljósanótt, salernis- og eldhúsrúllusala, bingó og sala á jólatengdum vörum. Ákveðið var að þeir iðkendur sem ætla að fara á mót og æfingabúðir á erlendri grundu gætu notað þessar fjáraflanir til að greiða niður kostnað við ferðina.
- Farið var í æfinga- og keppnisferð til Lundar í Svíþjóð í byrjun maí. Þar fóru um 10 keppendur og 4 fararstjórar. Ferðin heppnaðist með eindæmum vel og fengu þeir iðkendur sem fóru mjög mikið út úr ferðinni. Bæði hvað varðar ævintýri og ekki síst þjálfun hjá mörgum af bestu þjálfurum heims og æfingu í að keppa við aðra judóiðkendur í heimsklassa. Ætlunin er að fara í aðra ferð núna í ágúst en nú verður farið til Spánar.
- Hjá deildinni starfa núna 6 þjálfarar, 2 íþróttافرæðingar annar með svartabeltið í judó og hin í taekwondó, 1 svartbeltingur í judó auk 3 einstaklinga sem eru í þjálfun hjá ÍSÍ og svartbeltingum deildarinnar. Enn vantar okkur kvenkyns-þjálfara og erum við í stöðugri leit af slíkum fyrir kvenkyns iðkendur deildarinnar.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

- Margir góðir styrktaraðilar styrktu okkur 2015 og þar má meðal nefna, HS Orku og HS Veitur, Securitas, VÍS, SBK, Samkaup og ótal fleiri fyrirtæki og einstaklingar. Þökkum við þessum aðilum kærlega fyrir sýndan stuðning.

- Júðódeildin vann fjölmarga titla á árinu.

Bjarni Darri Sigfússon Íslandsmeistari barna og unglunga í íslenskri glímu, og Taekwondo

Birkir Freyr Guðbjartsson Íslandsmeistari í Júðó.

Ægir Már Baldvinsson Íslandsmeistari Unglinga U18 í Judo

Sóley Þrastardóttir Íslandsmeistari í Judo

Jón Axel Jónasson Íslandsmeistari í BJJ

Hafþór Árni Hermannson Íslandsmeistari í BJJ

Gunnar Örn Guðmundsson Íslandsmeistari í BJJ

- Í lokinn vill ég svo þakka öllum stjórnarmönnum, foreldrum og öðrum sem komu með einum eða öðrum hætti að starfi deildarinnar á árinu 2015. Sjálfböðavinna margra gerir stórt verk auðvelt og skemmtilegt. Með þeim orðum vill ég hvetja alla sem áhuga hafa að koma og starfa með okkur á nýju ári því skemmtilegra og meira gefandi starf er erfitt að finna í dag.

Björgvin Jónsson formaður

3.6 Þríþrautardeild

Skýrsla þríþrautardeildar UMFN starfsárið 2014

Þríþrautadeild UMFN hefur lokið enn einu starfsári. Það eru orðin fjögur ár frá stofnun deildarinnar. Og hefur nánast sami kjarni staðið við stjórnataumana.

Nýjir meðlimir bætast jafn óðum við en mættu vera fleiri. Hægt er að sjá fjölgun í sumum flokkum meira en í öðrum.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Mótahald deildarinnar er í föstum skorðum eins og undarfarin ár. Við byrjum sumarið á Reykjanesmótinu í götu hjólreiðum í apríl og er þetta alltaf fyrsta mót ársins. Spretþraut deildarinnar er á sínum stað ásamt fjölskylduþraut og nýliða keppni sem var haldin í fyrsta sinn á ný afstöðnu starfsári. Þorláksmessusundið var á sínum stað, Kirkjuhlaupið er á sínum stað og einnig Klemminn sem er að vera vinsælli með ári hverju. Mótahald hefur alltaf staðið undir sér og skilað deildinni svolitlum tekjum, en stefna deildarinnar er að fá styrktaraðil í kringum þessar keppni og hefur það gengi vonum frammar, má þar nefna nokkra aðila sem eru duglegir að styðja við bakið á okkur en þeir eru. Shimano í hjóli, Herbalife í þríþraut, Hitaveitan, Bláalónið, IGS og margir aðrir sem hafa styrkt okkur. Það má ekki gleyma því að mótahaldi fylgir mikil vinna og álag sem leggst að mestu á stjórnarfolk og fyrir þá vinnu sem er öll unnið í sjálfboðastarfi, vil ég þakka öllum þeim sem fyrir vel unnin störf.

Enn eigum við mann í þríþrautanevnd ÍSÍ og tók hann Guðmundur Ingi Guðmundsson við af Sverri Magnúsyni. Er nauðsynlegt fyrir okkur að eiga mann þarna inni til að auðvelda samskiptin og koma okkar málum á framfæri.

Á síðasta starfsári var ákveðið að hafa þrjá starfandi þjálfara innan deildarinnar og var samið við Steindór Gunnarsson um að sjá um sund æfingar, Klemenz Sæmundsson og Guðbjörgu Jónsdóttir um hlaup og svo var Ingi Þór Einarsson með hjólaæfingar. Tók Klemenz við hjólaæfingum í október. Æfingartafla er í föstum skorðum.

Fengum við Kára Stein Karlsson og Gunnar þjálfara hans til að halda fyrirlestur hjá okkur og var hann vel sóttur. Eignin fengum við hann Helga í Hjólasprett til okkar á tvær hjólaæfingar til að koma með punkta fyrir fólkið okkar.

Lítið hefur farið fyrir sjósundi innan deildarinnar, þar af leiðandi hefur marbendil dottið út hjá okkur sem væri gaman að sjá inni aftur.

Er aðstaða deildarinnar með þeim betri á landinu og erum við í góðu samstarfi við IRB með salinn okkar í sundmiðstöðinni.

Var farið í að velja íþróttafatnað til að vera sýnilegri út á við og fengu iðkendur að kaupa jakka og bol á kostnaðaverði í gegnum deildina.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Þríbrautafólk deildarinnar var kjörið fyrir síðasta ár. Þá var Jón Oddur Guðmundsson kjörinn þríbrautarkarl UMFN OG Guðbjörg Jónsdóttir var kjörin þríbrautarkona UMFN. Þríbrautarmaður Reykjanesbæjar 2014 var síðan útnefndur Jón Oddur Guðmundsson.

Allri iðkendur hafa verið vel sýnilegir í öllum mótum og keppnum sem haldi eru hérlendis og hafa nokkrir verið að fara erlendis að keppa líka.

Stjórn deildarinnar hefur haft í mörgu að snúast. Margar hugmyndir hafa komið upp hjá okkur og aðrar borist okkur með ýmsum hætti. Við höfum reynt að vinna að öllum þessum hugmyndum en oft ræður tíminn úrslitum og eigning peningar. Þó má ekki gleyma að mörgu hefur verið komið í framkvæmd og væri það ekki hægt nema vegna þess að þeir sem starfa innan deildarinnar eru jákvætt fólk með eindæmum og atorkusamt. Ég vil því þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á afstöðnu starfsári deildarinnar. Margir hafa komið að verki og keppt í því að deildin vaxi og dafni. Það er von mín að deildin haldi áfram að styrkjast og framtíð hennar verði björt og aðstæða þríbrautariðkunar, sundiðkunnar, hjólaíðkunnar og hlaupiðkunar á svæðinu verði bætt enn frekar.

Stjórn 3N

4.0 Þakkarorð

Ég vil færa þakkir fyrir öllu því frábæra fólk sem komið hefur að störfum fyrir félagið. Það er ekki sjálfgefinn hlutur að sjá af tíma sínum í þessi störf og vinna ötullega að því að gera frábært félag enn betra. Megi starfssemi félagsins blómstra áfram um ókomna framtíð.

Bolti gegn böli – hreysti til hagsældar

Áfram Njarðvík!

F.h. stjórnar UMFN

Ólafur Eyjólfsson

Formaður

5.0 Íþróttamaður, íþróttamenn og Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2014

5.1. Íþróttakarl og íþróttakona UMFN 2014



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Elvar Már Friðriksson og Sunneva Dögg Friðriksdóttir

5.2. Knattspyrnukarl UMFN 2014

Styrmir Gauti Fjeldsted

5.3. Körfuknattleikskarl og körfuknattleikskona UMFN 2014

Elvar Már Friðriksson og Erna Hákonardóttir

5.4. Kraftlyftingarkarl og kraftlyftingarkona UMFN 2014

Sindri Freyr Arnarsson og Inga María Henningsdóttir

5.5 Sundkarl og sundkona UMFN 2014

Alexander Páll Friðriksson og Sunneva Dögg Friðriksdóttir

5.6. Judókarl og judókona UMFN 2014

Bjarni Darri Sigfússon og Sóley Prastardóttir

5.7. Þríþrautarkarl og þríþrautarkona UMFN 2014

Jón Oddur Guðmundsson og Guðbjörg Jónsdóttir

6.0 Íslandsmeistarar UMFN 2014

6. 1. Körfuknattleiksdeild

Sjá skýrslu stjórnar

6. 2. Massi – lyftingar og líkamsræktardeild

Sjá skýrslu stjórnar

6.3. Sunddeild

Sjá skýrslu stjórnar

6.4. Knattspyrnudeild

Sjá skýrslu stjórnar



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

6.5. Judódeild

Sjá skýrslu stjórnar

6.6. Þríprautardeild

Sjá skýrslu stjórnar

7.0 Heiðursveitingar

7.1. Ólafsbikar 2014 Valpór Söring og Halldóra Lúthersdóttir

Þau hjónin sem hafa verið samtaka í því að vinna mikið og óeigingjarnt starf fyrir Ungmennafélagið bæði í Unglingaráði sem og Meistaraflokki voru að þessu sinni veittur Ólafsbikarinn sem gefinn er til minningar um Ólaf Thordersen af fjölskyldu hans og skal veittur einstaklingi sem starfað hefur einstaklega vel fyrir félagið. Bikarinn er afhentur á aðalfundi félagsins og var fyrst afhentur 1993.

2013

Agnar Mar Gunnarsson

2012

Helgi Helgason

2011

Guðmundur Gunnarsson

2010

Halldór Rósmundur Guðjónsson

2009

Alexander Ragnarsson & Bylgja Sverrisdóttir

2008

Rafn Vilbergsson

2007

Örvar Þór Kristjánsson

2006

Logi Halldórsson

2005

Haraldur Hreggviðsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

2004

Andrés Ottósson

2003

Erlingur Rúnar Halldórsson

2002

Halldóra Húnbogadóttir

2001

Einar Árni Jóhannsson

2000

Ingólfur Ólafsson

1999

Freyr Sverrisson

1998

Steinunn Sighvatsdóttir

1997

Ólafur Guðbergsson

1996

Freyr Sverrisson

1995

Steindór Gunnarsson

1994

Kristinn Pálsson

1993

Leifur Gunnlaugsson

1992

Júlíus Valgeirsson

7.1. Gullmerki með lárviðarsveig

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Einar Árni Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

Hilmar Hafsteinsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

7.2. Gullmerki

Gullmerki UMFN fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2015.

Alexander Ragnarsson
Andrés Ari Ottósson
Viðar Kristjánsson
Þórunn Friðriksdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

- ❖ Erlingur Rúnar Hannesson
- ❖ Páll Kristinsson
- ❖ Ragnar Halldór Ragnarsson
- ❖ Sigmundur Már Herbertsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

- ❖ Haukur Guðmundsson
- ❖ Friðrik Pétur Ragnarsson
- ❖ Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

- ❖ Einar Árni Jóhannsson
- ❖ Friðrik Ragnarsson
- ❖ Haukur Guðmundsson
- ❖ Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

- ❖ Gunnar Örn Guðmundsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Hermann Jakobsson
- ❖ Jón Bjarni Helgason
- ❖ Ólafur Thordersen

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

- ❖ Stefán Bjarkason
- ❖ Böðvar Jónsson
- ❖ Guðmundur Snorrason
- ❖ Haukur Jóhannsson
- ❖ Gunnar Þórarinnsson –(afhent á lokahófi knattspyrnudeildar)

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

- ❖ Oddbergur Eiríksson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

- ❖ Gunnar Þorvarðarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

- ❖ Teitur Örlygsson
- ❖ Kristbjörn Albertsson

7.3. Silfurmerki

Silfurmerki UMFN með fyrir 15 ára frábært starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

- ❖ Snorri Jónas Snorrason

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

- ❖ Friðrik Erlendur Stefánsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

- ❖ Einar Árni Jóhannsson
- ❖ Sævar Borgarsson
- ❖ Snorri Jónas Snorrason

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Alexander Ragnarsson
- ❖ Andrés Ari Ottósson
- ❖ Friðrik Pétur Ragnarsson
- ❖ Guðmundur Sæmundsson
- ❖ Júlíus Valgeirsson
- ❖ Magnús Þór Kristófersson
- ❖ Viðar Kristjánsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

- ❖ Friðrik Ólafsson
- ❖ Herbert Eyjólfsson
- ❖ Þórður Karlsson
- ❖ Þórunn Þorbergsdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

- ❖ Björn Jóhannsson
- ❖ Edda Ottósdóttir
- ❖ Haraldur Hreggviðsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

- ❖ Einar Árni Jóhannsson
- ❖ G. Elsie Einarsdóttir
- ❖ Gunnar Þórarinsson
- ❖ Haukur Guðmundsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

- ❖ Guðmundur „Brói“ Sigurðsson
- ❖ Hermann Jakobsson
- ❖ Leifur Gunnlaugsson
- ❖ Freyr Sverrisson

7.4 Bronsmerki

Bronsmerki UMFN fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

- ❖ Kristinn Örn Agnarsson
- ❖ Thor Ólafur Hallgrímsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

- ❖ Hörður Birkisson
- ❖ Sturla Ólafsson
- ❖ Sævar Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Bjarni Sæmundsson
- ❖ Friðrik Erlendur Stefánsson
- ❖ Guðni Erlendsson
- ❖ Jóhannes Albert Kristbjörnsson
- ❖ Kristinn Einarsson
- ❖ Páll Kristinsson
- ❖ Sigurður Hilmar Ólafsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

7.4 UMFN Skjöldurinn

Viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu félagsins

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Sigmundur Már Herbertsson fyrir dómgæslu
- ❖ Helgi Helgason
- ❖ Snorri Jónas Snorrason
- ❖ Thor Ólafur Hallgrímsson

8.0. Reikningar félagsins 2014

8.1 Áritun bókhaldsstofu

9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

9.1. Sport og ævintýraskóli



Skýrsla fyrir sumarið 2014

Sumarið 2014 er sjötta árið sem Andrés Þórarinn Eyjólfsson, íþróttافرæðingur heldur utan um Sport- og ævintýraskóla í samvinnu við Ungmennafélag Njarðvíkur. Sport- og ævintýraskólinn er einskonar íþrótt- og leikjaskóli fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára. Helsti tilgangur þessa verkefnis er að auka framboð á afþreyingu fyrir börn sem búsett eru í Innri-Njarðvík, Ytri-Njarðvík og á Ásbrú en námskeiðið er að sjálfsögðu opið öllum börnum Reykjanesbæjar sem eru á áður tilteknum aldri. Aðsetur skólans eru í Íþróttamiðstöð Akurskóla í júní mánuði en í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur í júlí mánuði. Undanfarin ár hefur aðsóknin verið mjög góð og þess má m.a. geta að verkefnið hefur hlotið samfélagsverðlaun frá Friðarhlaupinu ([worldharmonyrun.org](http://www.worldharmonyrun.org)), hægt er að nálgast umfjöllun frá heimsókn þeirra á <http://www.worldharmonyrun.org/iceland/news/2011/0706>.

Markmið:

Megin markmið Sport- og ævintýraskólans er að kynna börnum fyrir nærumhverfi sínu og upplifa skemmtilega hluti í góðra vina hópi ásamt því að fá góða kynningu á hreyfingu og helstu íþróttagreinum sem UMFN hefur uppá að bjóða. Skólinn er í góðu samstarfi við allt yngriflokkastarf UMFN og að þessu sinni komu þjálfararnir Einar Árni Jóhannsson (körfubolti) og Guðmundur Stefán Gunnarsson (Júdó) í heimsókn. Ákveðinn dagur var tileinkaður íþróttagreinunum þar sem þjálfarnir fengu til liðs við sig afreksmenn/konur sem síðan kenndu krökkunum eitt og annað.

Þátttökugjald:



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Pátttökugjaldið var 10.000 krónur fyrir tveggja vikna námskeið og veittur var 10% systkinaafsláttur.

Námskeiðin:

Fyrsta námskeið - Akurskóla

Fyrsta námskeið sumarsins hófst 11.júní og stóð til 24.júní. Alls sóttu 71 krakkar námskeiðið. Flest þessara barna voru á aldrinum 6-9 ára eða um 66 talsins (93%) og börn á aldrinum 10-12 ára voru samtals 5 eða um 7% af heildarfjölda þeirra sem sóttu júní námskeiðið.

Lagt var af stað með fjölbreytta dagskrá þar sem Sport og Ævintýri áttu eftir að setja skemmtilegan svip á bæjarlífið í Reykjanesbæ.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
10.jún-13.jún		Hittingur við íþróttahúsið í Akurskóla Í dag er börnunum raðað í hópa. Farið verður í skemmtilega leiki ásamt því að gera okkur glaðan dag með dýrunum í Landnámsdýrargarðinum. Munið að koma klædd eftir veðri, með nesti og í góðum skóm !	Kynning á Júdó (kynjaskipt) / Heimsókn í fyrirtæki Guðmundur yfirbjálafari Júdó deildar UMFN mun taka á móti hópnum og kynna íþróttina. Við förum einnig í leiðangur og heimsækjum óvænt fyrirtæki. Mætið tímanlega. <u>Því Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegil)</u> <u>og kl.12:45 (eftir hádegil)</u>	Kynning á fótbolta / Ratleikur Þjálfari innan raða UMFN kynnir íþróttina fyrir iðkendum. Fyrir þá sem ekki vita þá byrjar heimsmeistaramótið í knattspyrnu í kvöld kl.20 með opunarleik Brasilíu og Króatíu ☺ Við munum síðan einnig fara í ratleik þar sem hóparnir fást við ýmsar þrautir og markmið hópanna er að leysa þær.	Hjóladaður Allir að mæta með hjól eða hlaupahjól og hjálm því við ætlum að hjóla á vit ævintýrana. Lögð verður hjólaþraut fyrir þá sem vilja reyna á hjólafærnina.
16.jún-20.jún	Ævintýragolf og Innleikjagarður á Ásbrú Börnin fá að prufa að sveifla alvöru golfkylfum. Þeir sem eiga kylfur mega endilega taka þær með sér. Skildi einhver fara holu í höggi ? Síðan munum við einnig halda uppi fjöri í Innleikjagarðinum.	17.júní - FRÍ	Kynning á körfubolta / Veiferð og Survivor Einar Árni yfirbjálafari yngri flokka UMFN kynnir íþróttina ásamt afreksíþróttafólki. Einnig munum við gera tilraun til að veiða síli í tjörninni ásamt því að reyna að átta okkur á því hvernig forfeður okkar komust af án allra þeirra tækni sem við höfum í dag.	Fjórheimar Farið verður í félagsmiðstöðina Fjórheima sem er staðsett á Hafnargötu 88. Þar er marga skemmtilegt í boði og munum við að sjálfsögðu gera okkur glaðan dag.	Sund í Vatnaveröld Farin verður sunderferð til Keflavíkur þar sem við munum heimsækja Vatnaveröld. Ekki gleyma nesti og sundfötum. Mætið tímanlega. <u>Því Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegil)</u> <u>og kl.12:45 (eftir hádegil)</u>
23.jún-24.jún	Tívolídagur og Minute to win it ! Farið verður í heimatilbúið Tívoli þar sem börnin fá að spreyta sig í ýmsum tívolíþrautum. Einnig verða Minute to win it þrautir sem verða bæði krefjandi og skemmtilegar. Skildi einhver vinna miðjónina ?	Ferðalag út í óvissuna Í dag er síðasti dagurinn á námskeiðinu og nú ætlum við að halda út í óvissuna. Það er mjög mikilvægt að koma klædd eftir veðri og muna að taka með sér allt nesti.			



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Seinna námskeið - Njarðvíkurskóli

Þann 1.júlí fór af stað annað námskeið sumarsins og stóð það fram til 19.júlí. Alls sóttu 39 börn seinna

námskeiðið. Enn og aftur voru börn á aldrinum 6-9 ára hlutfallslega fleiri eða um 31 talsins (80%) á

meðan börn á aldrinum 10-12 ára voru 8 talsins eða um 20% af heildarfjölda þeirra sem sóttu júlí námskeiðið.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
25.jún-27.jún			Hittingur við Íþróttahús Njarðvíkur / Dýragarður Í dag er börnunum raðað í hópa. Farið verður í hópeflisleiki svo allir kynnist betur. Síðan heimsækjum við dýrin í Landnámsdýragarðinum. Við komum örliðið seinna heim þennan dag (c.a. 5-7mín), þar sem við ferðumst með strætó til baka.	Hjólaskautabandý og Innileikjagarður Þeir sem eiga línuskauta eða hjólaskauta taka þá með í dag, aðrir koma með góða skó ☺ Við munum einnig halda uppi fjöri í Innileikjagarðinum.	Hjóladagur Allir að mæta með hjól eða hlaupahjól og hjálm því við ætlum að hjóla á vit ævintýranna. Lögð verður hjólaþraut fyrir þá sem vilja reyna á hjólafærni.
30.jún-4.júl	Kynning á Júdo (kynjaskipt) / gönguferð Guðmundur yfirþjálfari Júdo deildar UMFN mun taka á mótí hópunum og kynna íþróttina. Við förum einnig í smá leiðangur í Keflavík. Mætið tímanlega. Því Strætó fer kl.8:50 (fyrir hádegi) og kl.12:50 (eftir hádegi)	Vatnaveröld Farin verður sundferð til Keflavíkur þar sem við munum heimsækja Vatnaveröld. Ekki gleyma nesti og sundfötum. Mætið tímanlega. Því Strætó fer kl.8:50 (fyrir hádegi) og kl.12:50 (eftir hádegi)	Kynning á körfubolta og Ævintýraleikar Einar Árni yfirþjálfari yngri flokka UMFN kynnir íþróttina ásamt afreksíþróttafólki. Við munum einnig taka þátt í ævintýraleikum þar sem börnin reyna við Sport- og ævintýramet.	Fjörheimar Farið verður í félagsmiðstöðina Fjörheima sem er staðsett á Hafnargötu 88. Þar er margt skemmtilegt í boði og munum við að sjálfsögðu gera okkur glaðan dag.	Tarzan og apafjör Börnin fá að spreyta sig í Tarzanþraut í íþróttahúsinu í Njarðvík og munu aparnir vera með í öllu fjörinu.
7.júl-9.júl	Fótbolti og Frisbígolf Farið verður í fótbolta þar sem heimsmeistaramótið er í fullum gangi. Einnig munum við spreyta okkur í skemmtilegri íþrótt sem heitir frisbígolf.	Amazing race - Ratleikur Í dag munum við fara í ratleik þar sem hóparnir fást við ýmsar þrautir og markmið hópanna er að leysa þær.	Ferðalag út í óvissuna Í dag er mjög mikilvægt að koma klædd eftir veðri og muna að taka með sér hollt nesti.		





UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Skráning

Sumarið gekk mjög vel og voru iðkendur Sport- og ævintýraskólans um 110 samanlagt yfir bæði námskeiðin. Ef við skoðum aldurskiptingu á iðkendunum, þá kemur glögglega í ljós að þátttakendur á aldrinum 6-9 ára voru hlutfallslega fleiri en þeir sem eru á aldrinum 10-12 ára (mynd 2). Kynjahlutföllin skiptust þannig að stúlkur voru 59% og drengir 41% (sjá mynd 3).



Kynjahlutfall

Strákar

41%

Stelpur

59%

Mynd 2. Fjöldi iðkenda í Sport og ævintýraskólanum eftir fæðingarári.

Mynd 3. Prósentuhlutfall kynja



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2014

Starfsfólk Sport- og ævintýraskólans sumarið 2014

Andrés Þórarinn Eyjólfsson (umsjón) og Alexander Hauksson (yfir-leiðbeinandi á vegum Reykjanesbæjar).

Aðstoðarmenn frá vinnuskólanum voru þau Margrét Áslaug Heiðarsdóttir (10.bekkur), Erna Freydís Traustadóttir (9.bekkur), Guðmundur Dagur Gunnarsson (9.bekkur), Hrefna Ösp Sigurbjörnsdóttir (9.bekkur), Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir (9.bekkur), Hafdís Líf Víðsdóttir (9.bekkur), Marín Veiga Guðbjörnsdóttir (9.bekkur), Alexandra Mist Gunnarsdóttir (8.bekkur), Birta Rós Hreiðarsdóttir (8.bekkur), Perla Sóley Arinbjörnsdóttir, Sóley Emanúelsdóttir (8.bekkur), Ylfa Karen Ólafsdóttir (8.bekkur),

Þakkir:

Án styrktaraðila eru svona námskeið ekki framkvæmanleg og því vil ég þakka sérstaklega stjórn Ungmennafélags Njarðvíkur sem hefur unnið hörðum höndum við að aðstoða mig við að gera þetta sumarnámskeið sem allra glæsilegast. Einnig vil ég þakka Reykjanesbæ fyrir 300.000kr styrk ásamt því að fá afnot að mannvirkjum sem við nutum góðs af og ekki má gleyma frábærum krökkum sem unnu sumarvinnu sína hjá Vinnuskólanum og völdu að vinna með Sport- og Ævintýraskólanum. Strætó- Reykjanes á einnig gott hrós skilið fyrir frábæra þjónustu. Síðast en alls ekki síst vill ég þakka þjálfurum UMFN sem heimsóttu okkur og öllu því góða fólki sem lagði hönd á plóg og færi ég þeim öllum mínar bestu þakkir.

Andrés Þórarinn Eyjólfsson

Íþróttfræðingur

Forstöðu- og ábyrðarmaður Sport- og ævintýraskólans

S:699-2345

andres@fss.is; sportskoli@umfn.is